

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn-toll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn-tollur kr./kg
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<b>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</b>		64.000		
0203.29xx	Svínakjöt, fryst:	01.07.12 - 30.06.13		0	795
<b>Úr tollskrárnúmer:</b>	<b>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:</b>				
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.12 - 30.06.13		0	569
<b>Tollskrárnúmer:</b>					
0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.12 - 30.06.13		0	646
<b>Úr tollskrárnúmer:</b>					
0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.12 - 30.06.13		0	646
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<b>Kinda- eða geitakjöt - vöruliðir 0204 og 0210</b>		345.000		
0204.3000	Lambaskrokkar, heilir eða hálfir – frystir	01.07.12 - 30.06.13		0	213
0204.4xxx	Kindakjöt, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	731
0204.5000	Geitakjöt	01.07.12 - 30.06.13		0	213
<b>Úr tollskrárnúmer:</b>	<b>Kindakjöt, saltað, þurrkað eða reykt.</b>				
0210.9921	Beinlaust	01.07.12 - 30.06.13		0	475
0210.9929	Annars	01.07.12 - 30.06.13		0	475
0210.9931	Beinlaust	01.07.12 - 30.06.13		0	701
0210.9939	Annars	01.07.12 - 30.06.13		0	701
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<b>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</b>		59.000		
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<b>Afhænsnum af tegundinni Gallus domesticus:</b>				
0207.1xxx	Af hænsnum, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	292
	<b>Af kalkúnum:</b>				
0207.2xxx	Af kalkúnum, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	401
	<b>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</b>				
0207.4xxx	Af öndum, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	401
0207.5xxx	Af gæsnum, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	401
0207.6xxx	Af perluhænsnum, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	401
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<b>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</b>		12.000		
0208.9001	Dúfur	01.07.12 - 30.06.13		0	981
0208.9002	Fasanar	01.07.12 - 30.06.13		0	981
0208.9004	Dádyr	01.07.12 - 30.06.13		0	981
<b>Úr tollskrárnúmer:</b>					
0208.9019	Annars - Lynghænur og strútar, fryst	01.07.12 - 30.06.13		0	981

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem vísað er til skilmála reglugerðar þessarar.

## 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

## 5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildir og gildir til 30. júní 2013.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. maí 2012.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

\_\_\_\_\_  
*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*